

Nd.

30. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36, 19. maí 1930, um vigt á sild.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Hér eftir skal vega alla sild, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.
Brot gegn lögnum varða sektum, 200—20000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt af gefnu tilefni, sem ekki þarf á að minna.

Hefir ekki verið um það deilt, að tryggilegast sé að vega alla sild, sem seld er til bræðslu, og er hér farið fram á, að það sé hiklaust lögskipað.

Jafnframt er til þess ætlazt, að hert sé á sektarákvæðum, þannig, að þau séu í einhverju hlutfalli við það, sem í húfi er, ef hér er brugðið út af.